

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um mönnunarvanda í leikskólum.

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

1. Hvernig telur ráðherra að hægt sé að leysa mönnunarvanda í leikskólum núna og til framtíðar?
2. Telur ráðherra að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma að gera leikskólakennaranám að fimm ára háskólanámi?
3. Telur ráðherra ástæðu til að bjóða upp á styttri námsleiðir í leikskólafræðum?
4. Telur ráðherra það eðlilega kröfu að að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar kennara í leikskóla skuli vera með leyfisbréf, sbr. lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019?

Skriflegt svar óskast.